

Fundargerð samstarfsnefndar Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga miðvikudaginn 3. október 2018. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 30, Reykjavík kl. 11:00.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins, María Rúnarsdóttir og Eldey Huld Jónsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Bakvaktir félagsmálastjóra

Fulltrúar FÍ leggja fram erindi sem lýtur að beiðni félagsmálastjóra á greiðslum fyrir bakvaktasíma.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS telja að þetta mál heyri ekki undir samstarfsnefnd og vísa málinu til sveitarfélags til afgreiðslu.

Vísað er í gr. 2.5 í kjarasamningi aðila þar sem fjallað er um bakvaktir og greiðslur fyrir þær.

Fulltrúar FÍ munu setja sig í samband við félagsmálastjóran og leiðbeina honum um afgreiðslu málsins.

2. PMTO meðferðarmenntun

PMTO meðferðarmenntun fór af stað haustið 2018 á vegum Endurmenntunar HÍ í samstarfi við sálfræðideild HÍ og Miðstöð PMTO. Námið er metið til 60 ECTS eininga og er ætlað fólki sem hefur lokið eða stundar framhaldsnám í háskóla í sálfræði, félagsráðgjöf eða hliðstæðum fögum.

PMTO meðferðarmenntun er klínísk menntun, ætluð fagfólki í klínísku starfi sem sinnir meðferð fyrir foreldra barna með aðlögunarvanda.

Niðurstaða:

Samþykkt að meta námið samkvæmt grein 10.2.3 í kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands, þ.e. að fyrir 60 ECTS einingar fær starfsmaður 4% persónuálag. Forsenda fyrir veitingu persónuálags er að starfsmaður hafi lokið náminu og að það nýtist í starfi.

Ofangreint tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018.

3. Bókun 10 í kjarasamningi aðila

Fulltrúar FÍ spyrja um bókun 10 í kjarasamningi aðila sem fjallar um áfanga til sérfræðiviðurkenningar, svohljóðandi:

Aðilar eru sammála um að útfæra á samningstímanum með hvaða hætti áfanga til sérfræðiviðurkenningar verði metnir til launa með það að markmiði að breytingar taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS skoða málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15